

Íbúafundur

Íbúafundur haldinn í félagsheimilinu Múla

Fundur hófst kl 16:10. 22 mættir

1. Ferjan

Ferjan bilaði á dögnum í þriðja skipti síðan hún kom úr stórum slipp í sumar og gengur nú bara á annarri vélinni. Íbúar eru meðvitaðir um að málið sé til umræðu en ítreka ósk um nýja ferju. Einnig var rætt að það mætti auglýsa það að ferjuferðin er lengri, eða hátt í 4 klst., í stað þriggja.

2. Vegagerðin - vegir

Umræða skapaðist um ástand vega og viðhald á þeim. Vegirnir þurfa reglulegt viðhald og endurbætur, og jafnvel meira viðhald en á fastalandinu sökum seltu og ágangs sjávar. Það þarf að gera almennilega við en ekki bara moka í holur, vegir eru ónýtir. Þetta kom einnig fram í 42. fundargerð þar sem einnig var vísað í 39. fundargerð um sama atriði. Heyrst hefur að verktaka hafi verið falið verkið en sjá þarf til þess að það verði framkvæmt og að viðhaldi sé sinnt í framhaldinu.

Í framhaldinu skapaðist sú umræða að forvitnilegt væri að sjá hlutfallslegan samanburð á þeim fjármunum sem varið er í viðhald í Grímsey og Hrísey, hvort sem miðað væri við höfðatölu, útsvar eða annað - allsendis án þess þó að vilja minnka viðhald í Hrísey eða taka frá þeim á nokkurn hátt.

3. Klósettið á bryggjunni.

Almenningssalernið á bryggjunni, sem þjónað hefur strandveiðimönnum, ferðamönnum og fleirum, eyðilagðist í sumar og virðist vera staðsett of lágt miðað við lagnir. Huga þarf að nýrri staðsetningu því nauðsynlegt er að hafa almenningssalerni sem ekki er staðsett inni í verslunum eða fyrirtækjum. Athuga þyrfti hvort nægði að hækka staðsetninguna, færa salernishús aftar, t.a.m þar sem björgunarsveitarhús var fyrir neðan Kiwanisstiga. Einnig þyrfti annað almenningssalerni að vera einhvers staðar á leiðinni út á fót, en ekki norðar en á flugvallarenda. Íbúar eru sammála að vilja ekki kamarvæða Eyjarfótinn og halda honum eins ósnortnum og hægt er - enda koma ferðamenn að sjá ósnortna náttúru. Athuga möguleikann á að nýta lagnir á Básun. Ferðakamrar hugnast engum, þeir eru subbulegir og fæstir leggja í að nota slíka nema á útihátíðum.

4. Almennigur og girðingar

Nauðsynlegt er að lagfæra flestar ef ekki allar girðingar í eyjunni en það virðist ómögulegt að skipuleggja það nema það verði ljóst hver á Almennigur. Akureyrarbær leigir út jörðina fyrir vindmyllurnar en er þó ekki á hreinu þar hvort svæðið eða Almennigur allur tilheyri bænum. Heimamenn eru til í að mæla fyrir girðingum upp á efni að gera og eru eins til í að girða þegar komið er í ljós hvernig kostnaður á að falla. Þetta efni hefur verið til umræðu í nokkurn tíma og vísun við m.a. til 39. fundargerðar.

5. Deiliskipulag

Sjálfsgöð krafa er orðin að deiliskipulag fyrir Grímsey verði klárað og fest niður. Íbúar óska eftir því að þau sem með það fara komi til eyjarinnar og haldi fund með íbúum. Grímsey hefur verið byggð frá landnámi eða því sem nær og samningar um nýtingu voru mikið til óhefðbundnir og munnlegir - enda nýtnin og hefðirnar ólíkar fastalandinu sökum einangrunar og sérstöðu. Þessar hefðir um nýtni jarða, leigu þeirra og arfgengi eru mikið til í munnlegri geymd og íbúar best til þess fallnir að ráðleggja til um deiliskipulag. Deiliskipulag þarf að klára sem fyrst í sátt við alla svo hægt sé að þróa byggð og nýtingu í Grímsey áfram.

6. Almenn óánægja með vindmyllurnar.

Almenn óánægja er meðal íbúa varðandi vindmyllurnar. Sólarsellurnar virðast reynast betur en myllurnar, sem ekki virðast þola veðurfarið og öfgarnar í því. Íbúar óska eftir því að Orkustofnun komi og haldi fund þar sem orkuskipti verða rædd. Margir eru komnir með varmadælur og nokkrir komnir með loft-í-vatn varmadælur sem reynast vel.

Fundi lauk kl. 18:30